



Velferðarráð

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um bætt aðgengi að viðtalsmeðferð fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Ástrósar Evu Einarsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði og velferðarráði að finna leiðir til að bæta aðgengi grunnskólanema að viðtalsmeðferðum innan grunnskólanna í Reykjavík og að tillaga um úrbætur liggi fyrir eigi síðar en haustið 2023.

Greinargerð:

Stór hluti ungmenna í grunnskólum borgarinnar upplifir vanlíðan. Mikið ákall er eftir auknu aðgengi grunnskólanema að fagaðila innan veggja skólanna sem myndi einnig koma til móts við langa biðlista sem myndast hafa eftir viðtölum við sálfræðinga, félagsráðgjafa og geðlækna. Starfsmenn grunnskólanna hafa auk þess upplifað aukið álag innan skólastofunnar. Bætt aðgengi grunnskólanema, jafnt sem bætt aðgengi starfsmanna, innan skóla Reykjavíkurborgar myndi tryggja samfellda þjónustu við ungmenni og koma til móts við lög um farsæld barna og betrubæta líðan allra innan skólanna.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísar Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af velferðarráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal



Reykjavíkurborg

e.u.